

**Ed.**

**101. Frumvarp**

til fátækralaga.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

Samhljóða þskj. 106 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Framfærslumaður á rjett á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rjett og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sjer, eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að fram-

færa hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

**11. gr. hljóðar svo:**

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs eða húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sjerstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypís — einnig þótt fæðið verði að vera sjerstakt sjúkrafæði — í alt að 3 mánuði þritugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu, án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kent, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í alt að 3 mánuði þritugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 2 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur í sjúkrahús eða annað, enda sje hvorki því nje húsbónda þess um leguna að kenna.

**36. gr. hljóðar svo:**

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastrjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastrjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu siður skal kosta kapps um að velja slík heimili handa munað-  
arlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækrastrjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

**43. gr. hljóðar svo:**

Skyllt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna elli þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, eða vegna annara óhappa hans. Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn dvalar-sveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki.

Ákvæðum 1. málsg. má einnig beita um sveitarstyrk, sem veittur hefir verið 2 siðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi, ef styrkþegi óskar.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn sveitarstyrk, ef 2 ár eru liðin frá því, er þurfamaðurinn þáði af sveit.

Styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, telst ekki sem sveitarstyrkur.

47. gr. hljóðar svo:

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir sveitarstyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða eftirgefinn, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svifta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar i stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðum er sviftur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að sveitarstyrkurinn sje endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviftur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

55. gr. hljóðar svo:

Nú er sveitarstyrkur veittur þurfamanni samkvæmt 52. gr., og skal þá fátækrastjórnin, áður en hálfur mánuður er liðinn frá styrkveitingunni, senda yfirvaldi sínu áskorun um að útvega svo fljótt sem við verður komið viðurkenning fyrir sveitfesti þurfamanns, eða sönnun fyrir, hvar hann sje sveitlægur, svo framarlega sem þetta er eigi þegar fullvist. Þá skal sveitarstjórnin og krefjast þess, að styrkurinn sje endurgoldinn af framfærslusveitinni. Jafnframt skal send skýrsla sú, er um er rætt i 53. gr. Vanræki sveitarstjórnin að gera það, sem fyrir er mælt i grein þessari, missir sveitarsjóður rjett til endurgjalds á hinum veitta sveitarstyrk.